



## 28. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023 mánudagur 8. ágúst 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson formaður (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varformaður (BL), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Jón Bender (JB), Herbert Arnarson (HSA), Lárus Blöndal (LB), Einar Karl Birgisson (EKB), og Guðrún Kristmundsdóttir (GK)

Forföll boðaði: Erlingur Hannesson (EH)

HSJ ritaði fundargerð

### 1. Fundargerð síðasta fundar

### 2. 15.grein reglugerðar um körfuknattleiksmót er varðar um erlenda leikmenn

Fundur þessi er boðaður nær eingöngu til að ræða þá beiðni félags um að fá skilgreiningu stjórnar á svokallaðri þriggja ára reglu í reglugerð um erlenda leikmenn. Töluverð póstsamskipti hafa verið á milli stjórnar og viðkomandi félags. Í 15. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót kemur fram að erlendir ríkisborgarar sem hafa átt samfellda búsetu á Íslandi í þrjú ár geti leikið sem íslenskir ríkisborgarar. Þessi regla gildir ekki fyrir erlenda leikmenn sem hafa leikið með erlendum félagsliðum á þessu þriggja ára tímabili eða slepptu því að skrá sig úr þjóðskrá þegar þeir hættu að leika með íslensku félagsliði og fluttu af landi brott. Reglunni er ætlað að ná til þeirra sem búa á Íslandi, hafa átt samfellda búsetu undanfarin þrjú ár eða lengur og hafa skapað sér heimili til framtíðar í landinu. KKÍ mun fara vel yfir allar umsóknir sem berast vegna þessarar reglu. Umræða um gögn sem þarf að skila.

Einnig hafa fjögur félög óskað eftir því að fá úr því skorið hvort leikmenn frá Úkraínu fái sömu skilgreiningu og Bosman leikmenn vegna ástandsins í þeirra landi. Stjórn sammála um að ekki sé hægt að gera breytingu á því.

Uppfærð 15. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót er varðar erlenda leikmenn verður send á félögin með upplýsingum um hvernig tekið verður á þriggja ára reglunni og leikmönnum frá Úkraínu.

### 3. Afreks-og landsliðsmál

HSJ og HSA fóru yfir málefni yngri landsliðanna sem hafa haft í nógu að snúast í sumar.

### 4. Önnur mál

Tveir fyrrverandi formenn þeir Kristbjörn Albertsson og Hólmsteinn Sigurðsson létust nú í lok júlí með nokkra daga millibili. Stjórn vottar fjölskyldum samúð með þakklæti fyrir þeirra góðu störf.

Næsti fundur er áður boðaður fundur mánudaginn eftir viku, 15. ágúst.

Fundi slitið kl. 19:40.